

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1983 frá 18. júlí 2024 um samræmingu á tíðnisviðinu 40,5-43,5 GHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptapjónustu um þráðlaust breiðband innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5czu (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1730) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czv. **32024 D 1983**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1983 frá 18. júlí 2024 um samræmingu á tíðnisviðinu 40,5-43,5 GHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptapjónustu um þráðlaust breiðband innan Sambandsins (Stjtið. ESB L, 2024/1983, 22.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/1983, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1983, 22.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1983/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING